

AUGLÝSING

um náttúruvætti í Surtarbrandsgili.


Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr 47/1971 um náttúruvernd hefur náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Surtarbrandsgil náttúruvætti.

Þessi mörk gilda um svæðið:

Að sunnan, vestan og norðan hábrún gilsins, en að austan skemmstu leið fyrir mynni þess.

Þessar reglur gilda um náttúruvættið:

1. Almennungi er, að fengnu leyfi ábúanda á Brjánslæk, heimil för um gilið.
2. Bannað er að brjóta eða fjarlægja á annan hátt steingervinga, þar með surtarbrand, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.



Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Ráðuneytið er samþykkt framangreindri ákvörðun, er tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

28. febrúar 1975.

Nr. 104.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkv. Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973.

Frá og með 1. mars 1975 tekur gildi breyting á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973.

Samkvæmt því skal leggja 23.7% á verð samkvæmt verðskránni og fellur þá jafnframt niður 17.9% álag, sem heimilað var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 17. október 1974.

Heildsöluálagning á lyfjaefni verður 14% og smásöluálagning 75% frá sama tíma. Vinnugjöld verða óbreytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

2. apríl 1975.

Nr. 105.

AUGLÝSING

um friðlýsingu gervigíga í Álftaveri.

Skv. heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sit leyti ákveðið að friðlýsa gervigígana í landi Holts I og II, Herjólfstaða I og II og Hraunbæjar í Álftaveri, ásamt næsta nágrenni, og er svæðið náttúruvætti.

Mörk náttúruvættisins eru þessi:

- (1) Úr Langaskeri í (2) Alviðru, þaðan að austurenda Fjalhöfða. (3) Úr Fjalhöfða í Nónvörðu. (4) Síðan í suðurbrún Köldungshóls. (5) Þaðan í Dýralækjarsker. (6) Þaðan aftur í Langasker.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Bannað er að raska jarðmyndunum á svæðinu með efnisöku eða öðru. Óheimilt er að reisa mannvirki, sem spilla útliti gíganna eða breyta svipmóti þeirra á annan hátt.
2. Beit og aðrar hefðbundnar nytjar skulu haldast svo sem verið hefur. Samráð skal haft um ræktun.
3. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð vélknúinna farartækja um svæðið utan vega er þó óheimil að nauðsynjalausu og bannað er að aka utan í gígunum.